

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 5. júlí 2022 í máli nr. 90/2021

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 5. september 2021 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi krafist of hárrar greiðslu fyrir þjónustu við framkvæmdir á baðherbergi í fasteign sóknaraðila og krefst sóknaraðili endurgreiðslu vegna ofgreiddrar þóknunar. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 16. september 2021, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 11. október 2021. Sóknaraðili sendi nefndinni athugasemdir við andsvör varnaraðila þann 14. október 2021. Athugasemdir varnaraðila bárust þann 21. október 2021.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara, athugasemda sóknaraðila og athugasemda varnaraðila, afrit af tilboði og verksamningi vegna verksins, dags. 26. apríl 2021, afrit af reikningum vegna þjónustunnar ásamt sundurliðun, afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila, teikning af baðherbergi sóknaraðila, myndir varnaraðila af baðherberginu og staðfesting sóknaraðila á greiðslum til varnaraðila vegna verksins.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Í gögnum málsins kemur fram að sóknaraðili og varnaraðili sömdu um þjónustu varnaraðila við að gera upp baðherbergi í fasteign sóknaraðila. Þann 26. apríl 2021 lagði varnaraðili fram tilboð í verkið, að fjárhæð 1.376.809 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, sem sóknaraðili samþykkti. Samkvæmt tilboðinu yrðu ákveðnir þættir verksins unnir í tímavinnu. Sóknaraðili telur að lokaeikningur varnaraðila umfram tilboð hans, alls að fjárhæð 2.003.915 krónur, hafi verið hærri en um var samið.

Sóknaraðili hefur greitt varnaraðila alls 3.382.194 krónur með átta greiðslum, vegna reiknings nr. 10698 að fjárhæð 413.533 krónur, dags. 30. apríl 2021, vegna reiknings nr. 10699 að fjárhæð 482.373 krónur, dags. 10. maí 2021 og vegna reiknings nr. 10700 að fjárhæð 482.373 krónur þann 21. maí 2021. Þá voru reikningar nr. 10902 að fjárhæð 1.060.868 krónur og nr. 10903 að fjárhæð 943.047 krónur greiddir af sóknaraðila með fimm millifærslum inn á bankareikning varnaraðila daganna; 13. júlí 2021, 3. ágúst 2021, 3. september 2021, 4. október 2021 og 3. nóvember 2021.

Ágreiningur málsaðila varðar reikninga nr. 10902 og 10903, þ.e. þá reikninga sem eru umfram umsamið verð í verkið. Samkvæmt reikningi nr. 10902 er krafist greiðslu að fjárhæð 764.348 krónur fyrir vinnu og 296.520 krónur fyrir efni, akstur og ferðir á Sorpu. Samkvæmt reikningi nr. 10903 er krafist greiðslu að fjárhæð 531.309 krónur fyrir vinnu og 411.738 krónur fyrir efni, akstur og ferðir á Sorpu.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi krafist of hárrar greiðslu fyrir þjónustuna og krefst þess að reikningur hans verði lækkaður. Varnaraðili hafnar kröfu sóknaraðila.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili vísar til þess að um hafi verið að ræða kaup á þjónustu varnaraðila við að endurgera tæplega sex fermetra baðherbergi í fasteign sóknaraðila. Sóknaraðili hafi fengið innanhússhönnuð til að hanna baðherbergið auk þess sem hönnuðurinn skyldi sjá um að panta og útvega innréttingu, flísar, blöndunartæki og borðplötu sem og að vera í sambandi við varnaraðila varðandi þjónustu hans. Hafi varnaraðili átt að sjá um niðurrif og úthreinsun á gamla baðherberginu, færslu á pípulögnum, múrverk, flísalagningu, ljósalögn og ísetningu á flotlofti, baðkari, klósetti og vaski. Hafi sóknaraðili tekið fram við hönnuðinn að heildarkostnaður við verkið skyldi ekki fara yfir 3.500.000 krónur. Þann 26. apríl 2021 hafi sóknaraðili samþykkt tilboð varnaraðila í framangreind verk tengd framkvæmdunum að fjárhæð 1.376.809 krónur. Tekið hafi verið fram í tilboði varnaraðila að ýmis aukavinna yrði unnin samkvæmt tímagjaldi og yrði innheimt eftir verklok. Samkvæmt verksamningi hafi megingreiðslu vegna tilboðsins verið skipt í þrennt, innheimt eftir framvindu verks. Að sögn sóknaraðila hafi flest samskipti við varnaraðila vegna skipulagningar, ákvarðanatöku og framkvæmd verksins farið í gegnum innanhússhönnuðinn sökum þess að sóknaraðili hafi verið búsettur erlendis.

Sóknaraðili ber því við að verkið hafi tekið lengri tíma en um hafi verið samið en framkvæmdartími þess hafi verið frá lokum aprílmánaðar 2021 fram í miðjan júní 2021. Engin samskipti hafi verið á milli aðila á þessum tíma nema hvað hafi varðað kröfur varnaraðila um greiðslur vegna verksins. Í lok verks hafi aðilar hist til að skoða verkið. Að sögn sóknaraðila hafi varnaraðili ekki haft á orði að verkið hafi verið meira að umfangi en upphaflega hafi verið gert ráð fyrir eða meiriháttar aukaverk hafi þurft að framkvæma. Þann 8. júlí 2021 hafi varnaraðili sent sóknaraðila tvo reikninga, alls að fjárhæð 2.003.915 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti vegna vinnu og efniskostnaðar.

Sóknaraðili vísar til þess að honum hafi yfirsést að fá nánar skilgreint frá varnaraðila hvaða liðir verksins væru taldir aukavinna og umfang þeirra. Aðspurður um útgefna reikninga vegna aukaverka hafi varnaraðili neitað að svara sóknaraðila skriflega og aðeins viljað ræða það símleiðis. Í tilboði varnaraðila hafi liðir 6, 7, 14 og 15 verið tilgreindir sem hugsanleg aukavinna en óljóst hafi verið hvert gjald vegna hennar yrði.

Sóknaraðili kveðst ekki hafa átt von á því að tilboð varnaraðila myndi aðeins vera um 40% af heildarkostnaði verksins. Varnaraðili sem fagmaður á þessu sviði hafi átt að gefa sóknaraðila betri hugmynd að heildarkostnaði verksins. Sóknaraðili kveðst ekki hafa fallist á tilboð varnaraðila í verkið ef tekið hefði verið fram að kostnaður við þjónustu varnaraðila myndi fara vel fram yfir 3.000.000 krónur. Upplifun sóknaraðila sé sú að varnaraðili hafi nýtt sér þekkingarleysi hans af

verklagi og viðskiptum á þessu sviði á Íslandi sem og því að sóknaraðili hafi dvalið að mestu erlendis á meðan á verkinu hafi staðið. Þá hafi varnaraðili haft lítið samráð við sóknaraðila um verkið og hugsanleg aukaverk.

Sóknaraðili hafi talið sig ekki hafa annarra kosta vöð en að greiða varnaraðila samkvæmt útgefnum reikningum vegna verksins, tæplega 3.400.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

3.2. Andsvör varnaraðila

Varnaraðili kveðst hafa upplýst sóknaraðila við tilboðsgerðina í hvaða liði verksins yrði gert fast tilboð og hvaða liðir þess yrðu unnir samkvæmt tímagjaldi. Þá telji varnaraðila engan vafa hafa verið um hvað teldist sem aukavinna enda sé það skilgreint í liðum nr. 6, 7, 14 og 15 í verklýsingu samnings aðila. Jafnframt hafi verið sérstaklega tilgreint að gjald vegna aksturs, ferða í Sorpu og efnis yrði innheimt á verktíma eða við verklok. Hafi sóknaraðili samþykkt tilboð varnaraðila án athugasemda. Sóknaraðili hafi sjálfur borið ábyrgð á því að kynna sér samning aðila og inna eftir skýringum varnaraðila ef þeirra hafi verið þörf.

Varnaraðili byggir á því að sóknaraðili hafi verið upplýstur um allan þann kostnað sem unnt hafi verið að upplýsa hann um við tilboðsgerðina. Eftir að verk hafi hafist hafi tilteknar breytingar verið gerðar á verkinu, til að mynda breytt útfærsla á baðkari, hillu fyrir hársápu við baðkar bætt við o.fl., sem leitt hafi til aukavinnu en það hafi verið vel útlístað í vinnuskýrslum varnaraðila til sóknaraðila.

Varnaraðili bendir á að hann hafi ekki verið upplýstur um að sóknaraðili hefði ákvarðað hámarkskostnað á framkvæmdirnar. Þá hafi verktíminn ekki verið langur miðað við umfang verksins.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi óskað eftir því að varnaraðili yrði í samskiptum við tilgreindan ættingja sinn og innanhússhönnuð varðandi verkið en ekki sóknaraðila sjálfan. Þá kveðst varnaraðili aldrei hafa hafnað því að eiga samskipti við sóknaraðila í gegnum tölvupóst.

Varnaraðili mótmælir því að kostnaður við þjónustu hans hafi farið yfir 3.000.000 króna en hluti af reikningi varnaraðila hafi verið vegna efnis, aksturs og sorpugjalda. Sundurliðun kröfu varnaraðila hafi verið eftirfarandi: „*Vinnutilboð = 1.376.809 kr m/vsk. Aukavinna = 1.295.657 kr m/vsk (Samtala úr reikn 10902 og 10903). Efni, akstur og sorpugjöld = 708.258 kr m/vsk (Samtala úr reikn 10902 og 10903)*“.

3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Sóknaraðili kveðst hafa tekið tilboði varnaraðila í þeirri trú að í því fælist megin vinna og annar kostnaður við verkið. Hafi sóknaraðili í fljótu bragði ekki talið óeðlilegt að ýmis aukaverk yrðu greidd samkvæmt tímagjaldi líkt og komi fram í tilboðinu en varnaraðili hafi ekki gert honum fyllilega grein fyrir því að „aukavinnu“ þáttur verksins gæti orðið jafn umfangsmikill og raun hafi orðið. Sóknaraðili telji að varnaraðili, sem fagmaður, hefði átt að veita upplýsingar um raunverulegt heildarverð verksins og hafi tilboð varnaraðila því verið misvísandi. Sé það skoðun sóknaraðila að varnaraðili hafi brotið á rétti hans sem neytanda með því að hafa ekki upplýst um áætlað umfang og heildarverð verksins áður en byrjað hafi verið enda hafi heildarkostnaður verið 150% hærri en samkvæmt tilboði varnaraðila. Þá telur sóknaraðili að varnaraðili hafi átt að upplýsa hann eða tengiliði hans um framvindu verksins, sér í lagi þegar kostnaður við verkið hafi verulega verið kominn fram úr tilboði varnaraðila.

3.4. Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili kveðst ítreka andsvör sín og vísar auk þess til framlagðra ljósmynda til stuðnings fyrir umfangi verksins og ástandi veggja baðberbergisins eftir niðurrif flísa

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) taka lögin til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjarmuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjarmunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Sóknaraðili óskaði eftir þjónustu varnaraðila við framkvæmdir á baðherbergi í fasteign sinni. Var umrædd þjónusta innt af hendi frá lokum aprílmánaðar 2021 fram í miðjan júní 2021. Ágreiningur málsins heyrir undir gildissvið þkpl., sbr. 2. tl. 1. gr. laganna. Tilboð varnaraðila vegna verksins, dags. 26. apríl 2021, að fjárhæð 1.376.809 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, var samþykkt af sóknaraðila sama dag. Hefur sóknaraðili þegar greitt reikning sem nemur fjárhæð tilboðsins til varnaraðila. Þegar verkinu var lokið krafðist varnaraðili viðbótargreiðslu að fjárhæð 2.003.915 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Ágreiningur málsins varðar kröfu varnaraðila um umrædda viðbótargreiðslu, sem sóknaraðili hefur einnig greitt, en með fyrirvara um réttmæti kröfunnar.

Sóknaraðili telur að greiðslukrafa varnaraðila, umfram fyrirbyggjandi tilboð í verkið, hafi verið hærri en eðlilegt geti talist, miðað við samning málsaðila og umfang verksins. Krefst sóknaraðili þess að greiðslukrafa varnaraðila verði lækkuð og varnaraðila verði gert að endurgreiða sér sem því nemi. Varnaraðili telur að greiðslukröfur vegna verksins hafi verið í samræmi við verksamning málsaðila og umfang verksins. Krefst varnaraðili þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Við mat á kröfu sóknaraðila verður að líta til þeirrar leiðbeiningarskyldu sem hvílir á seljanda þjónustu gagnvart neytanda. Í 4. og 6. gr. þkpl. er fjallað um umrædda leiðbeiningarskyldur seljanda en ákvæðin eru svohljóðandi:

4. gr. Útseld þjónusta, sem veitt er í atvinnuskyni, skal ávallt vera byggð á fagþekkingu og í samræmi við góða viðskiptahætti sem tíðkast hverju sinni. Skyllt er að veita allar upplýsingar og leiðbeiningar um vinnu verks með hagsmuni neytanda fyrir augum.

Seljandi þjónustu leggur fram nauðsynleg efni og aðföng nema um annað sé sérstaklega samið.

„6. gr. Seljanda þjónustu er skylt að veita upplýsingar um hvort fyrirhuguð kaup á þjónustu eru óhagkvæm fyrir neytandann að teknu tilliti til kostnaðar við verkið með hliðsjón af verðgildi hlutarins eða öðrum atriðum sem áhrif hafa á hagkvæmni þeirrar þjónustu sem óskað er eftir.

Verði seljanda ekki ljóst að fyrirhuguð kaup á þjónustu eru óhagkvæm fyrr en vinna er hafin eða að verð þjónustunnar muni verða verulega hærra en neytandi hefur mátt gera ráð fyrir skal seljandi tilkynna neytanda um það og óska eftir fyrirætlum um hvort frekari vinna skuli af hendi leyst. Hafi seljandi ekki sinnt leiðbeiningarskyldu sinni, ekki óskað eftir fyrirætlum og ætla má að neytandi hefði hætt við samninginn að fengnum upplýsingum skulu greiðslur fyrir verkið miðast við að neytandi hefði dregið sig út úr samningnum á því stigi. [...]

Meginsjónarmið að baki þessara ákvæða er að koma í veg fyrir óvænt og ófyrirséð útgjöld neytanda. Í athugasemdum við ákvæðin í frumvarpi til þkpl. segir að ef neytandi hefur tekið ákvörðun sína um hvort vinna eigi verkið á grundvelli upplýsinga um verð og breytingar verði þar á geti neytandi þurft að endurskoða þá ákvörðun sína. Þá ber seljanda að tilkynna neytanda ef þjónustan verður verulega dýrari en neytandi hefur mátt gera ráð fyrir. Ef neytandi tekur ákvörðun um vinnu verks á grundvelli upplýsinga um verð ber seljanda að upplýsa hann um það ef verðið verður hærra en upphaflega lá fyrir. Meginreglan er sú að neytanda ber ekki að greiða hærri fjárhæð fyrir þjónustu en nemur því sem hann hefði þurft að greiða seljanda ef neytandi hefði hætt við verkið á grundvelli fullnægjandi upplýsinga af hálfu seljandans. Hnigi sterk rök til þess að neytandi hefði ekki óskað eftir þjónustunni, ef hann hefði fengið fullnægjandi upplýsingar um verðið, er neytanda heimilt að neita að greiða seljanda fyrir verkið að fullu. Samkvæmt 7. gr. þkpl. getur seljandi þjónustu, þrátt fyrir ákvæði 6. gr., krafist greiðslu vegna vinnu og útlagðs kostnaðar að svo miklu leyti sem það getur talist sanngjarnt.

Framangreint ákvæði 6. gr. þkpl. stefnir að sama markmiði og þær meginreglur sem mælt er fyrir um í lögum nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu ásamt þeim reglum sem settar hafa verið á grundvelli laganna. Í 17. og 18. gr. laganna eru ákvæði um gagnsæi markaðarins. Þar er mælt fyrir um þá skyldu seljanda þjónustu að upplýsa um verð á þjónustu svo auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það á sölustað seljanda. Þá segir að Neytendastofa geti gefið fyrirtækjum sérstök fyrirætlun um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði. Fyrirmælin geta falist í skyldu til að tilgreina verð, viðskiptakjör, gæði og aðra eiginleika og hvernig vara skal mæld, vegin og flokkuð. Reglur um verðupplýsingar við sölu á þjónustu, nr. 860/2013, hafa verið settar á grundvelli framangreindra laga. Þar segir í 3. gr. að skylt sé að gefa upp verð fyrir þjónustu með endanlegu söluverði í íslenskum krónum. Ef annar kostnaður bætist við söluverðið þarf að taka það sérstaklega fram. Í 3. mgr. 4. gr. segir ef verð fyrir þjónustuna er háð breytingum og ómögulegt er að gefa upp endanlegt verð fyrirfram skal tilgreina hæsta og lægsta mögulega verð. Í þeim tilvikum skal einnig greina frá því hvernig verðið er reiknað út. Þá skal verð á þjónustu innihalda efniskostnað, eftir því sem við getur átt, sbr. 4. mgr. 4. gr. reglnanna.

Samkvæmt tilboði varnaraðila og verksamningi aðila, dags. 26. apríl 2021, bar sóknaraðila að greiða 30% af heildartilboði og efniskaupum við upphaf verks, 35% þegar 1/3 af verki yrði lokið og 35% þegar 2/3 yrði lokið. Þá kom einnig fram að

krafist yrði greiðslu fyrir aukavinnu, efni og akstur við efniskaup eða ferða í Sorpu, á verk tíma eða við verklok.

Af verklýsingu í samningi aðila má ráða tilteknir liðir verksins skyldu unnir samkvæmt tímagjaldi. Í 6. lið samnings segir: „*Lagnafærslur eru ekki innifaldar í tilboði, en ef færa eða endurnýja þarf lagnir þá er það unnið samkv. tímagjaldi. Pípulagnir settar á réttan stað t.d. blöndunartæki, salerni, handkl.ofn o.s.fv. (Brot-, Lagnavinna og Múrun/ Smíða- og Lagnavinna*“. Þá kemur eftirfarandi fram í 7. lið: „*Veggir og gólf eftir niðurrif – Ef klæða, múra eða flota þarf veggi eða gólf, þá er það unnið samkv. tímagjaldi. Klæðning (smíðavinna), múrvinna eða flötun á veggjum eða gólfi eftir niðurrif*“. Í 14. lið segir: „*Rafmagnsvinna er ekki innifalin í tilboði, en ef þörf er á rafvirkja þá vinnur hann samkv. tímagjaldi. Raflagnir settar á réttan stað, vinna við ljós, spegla, tengla o.s.fv., við lagnabreytingar bætist einnig við brot-, múr- eða smíðavinna*“. Í 15. lið samningsins segir að ef til annarrar aukavinnu komi, sem ekki er tilgreind í sérstökum þáttum tilboðsins, sé krafist greiðslu fyrir þá vinnu samkvæmt tímagjaldi. Samkvæmt 3. lið skilmála verksamningsins gefur samþykki á samningnum „*líka samþykki fyrir mögulegri aukavinnu sem er umgetin skv. verklíðum/verklýsingu. Verkkaupi skal vera meðvitaður um að öll aukavinna er unnin samkvæmt tímagjaldi. [...]*“ Þá er greint frá kostnaði vegna slíkra verka í 9. tölul. skilmálanna þar sem segir: „*Tímagjald aukavinnu pr/klst er eftirfarandi: Smíðir, málarar og flísarar 8.700 kr. + vsk/ Píparar, rafvirkjar, múrarar og Bjarni / Ingó / Ævar verkstjóri 9.700 kr. + vsk og akstur iðnaðarmanna vegna efniskaupa 5.200 kr. + vsk*“.

Í samningi aðila kemur fram hvaða verkliðir yrðu unnir samkvæmt tímagjaldi. Þá liggur fyrir að varnaraðili vakti athygli sóknaraðila á því í tölvupóstsamskiptum aðila þann 26. apríl 2021. Óumdeilt er að sóknaraðili samþykkti tilboð varnaraðila án athugasemda. Í málinu liggur fyrir að heildarkostnaður varnaraðila vegna verksins var að fjárhæð 3.380.724 krónur með virðisaukaskatti meðtöldum. Kostnaður samkvæmt föstu tilboði varnaraðila var að fjárhæð 1.376.809 krónur en kostnaður við vinnu vegna verkliða nr. 6, 7, 14. og 15., sem unnir voru samkvæmt tímagjaldi var að fjárhæð 1.295.657 krónur. Þá var kostnaður vegna efnis, aksturs og ferða í Sorpu að fjárhæð 708.258 krónur. Verður fallist á með sóknaraðila að heildarkostnaður verksins hafi verið mun hærri en sóknaraðili hafði gert ráð fyrir eða rúmlega tvöfalt hærri. Ekki er hægt að gera þá kröfu til sóknaraðila, sem almenns neytanda, að hann hafi átt að vita hversu mikil kostnaðaraukning yrði við þá liði verksamnings sem vinna átti samkvæmt tímagjaldi á grundvelli upplýsinga líkt og þeim sem varnaraðili veitti sóknaraðila í upphafi. Þá liggur einnig fyrir að vinna varnaraðila við umrædda verkliði verkssamningsins var umtalsverð og sú vinna ekki innifalin í upphaflegu tilboði.

Þegar heildarkostnaður verks verður meira en helmingi hærri en seljandi hefur gefið upp með tilboði sínu, vegna óskilgreindrar vinnu sem vinna á í tímavinnu, ber seljanda að mati kærunefndarinnar að tilkynna neytanda um þær hækkanir sem blasa við, þá þegar þær koma í ljós, og óska eftir fyrirmælum neytanda í samræmi við 2. mgr. 6. gr. þkpl. Með slíkri tilkynningu getur seljandi þjónustu komið í veg fyrir að þær verðupplýsingar sem gefnar hafi verið séu villandi fyrir neytanda með hliðsjón af endanlegum kostnaði vegna þjónustunnar. Ef það er ekki gert getur neytanda, samkvæmt framangreindu ákvæði 6. gr. þkpl. verið heimilt að neita að greiða að fullu fyrir unnið verk, en er þó skylt að greiða þann kostnað sem þykir sanngjarnt hverju sinni vegna vinnu og útlagðs kostnaðar, sbr. 7. gr. þkpl.

Með hliðsjón af framangreindu telur kærunefndin að sóknaraðila beri að greiða varnaraðila fyrir verkið með hliðsjón af því sem sanngjarnt þykir samkvæmt 6., 7. og 8. gr. þkpl. Verður þá að taka tillit til hve mikil og hvers eðlis vinnan var, sbr. 28. gr. þkpl.

Ákvæði 28. gr. þkpl. hefur þýðingu við mat á greiðslukröfu varnaraðila er varðar þá verkþætti sem samið var um, samkvæmt áðurnefndum 6., 7. 14 og 15. lið verklýsingar samningsins, að unnir yrðu í tímavinnu. Ákvæðið fjallar um verðlagningu í þjónustukaupum þegar aðilar hafa ekki samið um verð með tilboði eða verðáætlun og er svohljóðandi:

28. gr. Hafi ekki verið samið um verð fyrir keypta þjónustu skal neytandi greiða það verð sem telja má sanngjarnt með hliðsjón af því hve vinnan er mikil og hvers eðlis hún er.

Í ákvæðinu felst samkvæmt athugasemdum í frumvarpi til þkpl. að ef aðilar hafa ekki samið um verð skuli greiða það verð sem telja má sanngjarnt. Ef samið er um verk miðað við ákveðinn tímafjölda eða verðið er ákveðið miðað við efniseiningu ræðst verðið af því hversu margir tímar voru í raun unnir eða hversu mikið efni var notað. Verðið er þannig háð því hver þjónustan er og hve mikið og vel er unnið. Við mat á því hvort efnismagn og tímafjöldi séu hæfileg ber að miða við það sem yfirleitt tíðkast í greininni þegar sambærileg þjónusta er innt af hendi.

Í vinnuskýrslu varnaraðila kemur fram að vinna við pípulagnir hafi tekið 26,5 tíma og hafi kostnaður vegna þess þáttar verksins verið að fjárhæð 318.742 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá hafi rafmagnsvinna tekið 25 tíma og hafi kostnaður vegna hennar verið að fjárhæð 300.700 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Vinna múrara hafi tekið 11,4 tíma og kostnaður vegna hans numið 144.906 krónum að meðtöldum virðisaukaskatti. Með hliðsjón af skilmálum verksamnings aðila verður að líta svo á að sóknaraðila hafi mátt vera ljóst að framangreind vinna væri ekki innifalin í tilboði varnaraðila heldur unnin í tímavinnu og var tímagjald þessara fagaðila tilgreint í tilboðinu. Að mati kærunefndar var umkrafið tímagjald varnaraðila vegna þeirra í samræmi við það sem almennt tíðkast við vinnu sambærilegra verka sem og tímaskráning þeirra verkþátta. Hefur kærunefndin því ekki forsendur til að líta svo á að varnaraðili hafi krafist greiðslu, fyrir unnar vinnustundir vegna þessa vinnuliða, umfram það sem eðlilegt gæti talist við vinnu sambærilegra verka. Verður því ekki fallist á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu hvað þá verkþætti varðar.

Samkvæmt reikningi varnaraðila er krafist greiðslu fyrir vinnu smiða á hans vegum í samtals 49,25 klukkustundir. Samkvæmt vinnuskýrslu voru ýmsir verkþættir unnir samkvæmt tímagjaldi sem ekki verður séð hvers vegna hafi ekki verið innifaldir í tilboði varnaraðila þegar það lá fyrir frá upphafi að þá yrði að framkvæma, t.d. magntaka efnis í upphafi verks, vinna við að grindu og klæða loft, frágangur þess og tiltekt. Verður því fallist að lækka greiðslukröfu varnaraðila að álitum hvað þessa verkþætti varðar sem nemur 24 vinnustundum eða sem nemur 208.800 krónum.

Í verksamningi málsaðila er greint frá öllum þeim kostnaðarliðum sem gætu fallið til aukalega vegna verksins, þ.e. vegna aukavinnu, efniskostnaðar og akstri við efniskaup eða sorpuferðir. Hvergi er þó greint frá verkfæragjaldi eða kostnaði við kaup á aukahlutum fyrir verkfæri í eigu varnaraðila. Í sundurliðun greiðslukröfu

varnaraðila er hins vegar að jöfnu krafist greiðslu fyrir efniskostnað, vegna kaupa á efni sem nýta átti til verksins, og vegna verkfærakostnaðar, sem stafar af kaupum á aukahlutum í verkfæri í eigu varnaraðila eða vegna slita á verkfærum sem notuð voru til verksins. Að mati kærunefndarinnar mátti sóknaraðili gera ráð fyrir því að greiðsla fyrir notkun verkfæra í eigu varnaraðila og starfsmanna hans hafi verið innifalin í umsömdu tímagjaldi þar sem hvorki var samið um sérstakt verkfæragjald eða veittar upplýsingar um greiðslu fyrir kaup á aukahlutum við samningsgerðina. Hefur ekki áhrif á þá niðurstöðu þó varnaraðili hafi þurft að kaupa aukahluti fyrir vinnu verksins, til að mynda vegna slits á umræddum verkfærum. Sá kostnaður er vegna kaupa á bollaskrífu að fjárhæð 11.044 krónur, karbítiskífum að fjárhæð 16.920 krónur, dúkahnífsblöðum að fjárhæð 1.302 krónur, feinblaðs að fjárhæð 3.480 krónur, fleyg SDS að fjárhæð 4.270 krónur, ryksugupokum að fjárhæð 7.035 krónur, slípirokkskífum að fjárhæð 673 krónur, steinbor 6mm að fjárhæð 2.492 krónur, stingsagarblöðum að fjárhæð 820 krónur, túss að fjárhæð 981 króna, vinnuvettlingum að fjárhæð 4.174 krónur, stálskurðarskífum að fjárhæð 1.565 krónur, demantsbor 8mm að fjárhæð 4.270 krónur, slípiskífum að fjárhæð 5.240 krónur, skurðarskífa að fjárhæð 1.269 krónur og vegna slits á demantsborum að fjárhæð 4.500 krónur og fleygi SDS að fjárhæð 4.830 krónur. Ber varnaraðila að endurgreiða sóknaraðila framangreindan kostnað að fjárhæð 74.865 krónur auk virðisaukaskatts, með vísan til framangreinds, sbr. einnig 6. gr. þkpl.

Við mat á kröfu sóknaraðila verður að líta til þess hvort tilteknir verkþættir geti talist viðbótarverk í skilningi 8. gr. þkpl. Í ákvæðinu er mælt fyrir um tilkynningarskyldu seljanda ef inna þarf af hendi viðbótarverk sem eru ekki talin felast í upphaflegu samkomulagi aðila og er eftirfarandi:

8. gr. Seljanda þjónustu ber að tilkynna neytanda ef í ljós kemur þegar verk er unnið að eðlilegt sé að vinna önnur verk samtímis vegna tengsla þeirra við aðalverk. Skal seljandi óska eftir fyrirmælum neytanda um viðbótarverk.

Náist ekki til neytanda eða seljandi þjónustu fær ekki fyrirmæli frá honum innan sanngjarns frests skal hann vinna viðbótarverkið ef:

1. viðbótarkostnaður vegna þess er óverulegur eða má teljast óverulegur miðað við verð þjónustu sem samið hefur verið um,
2. sérstakar ástæður mæla með því að neytandi vilji láta vinna viðbótarverkið í tengslum við kaup hans á þjónustunni,
3. ekki er unnt að fresta því vegna hættu sem af því getur stafað.

Hafi seljandi þjónustu unnið viðbótarverk í samræmi við ákvæði þessara laga ber honum greiðsla fyrir þau verk samkvæmt ákvæðum VII. kafla.

Líkt og að framan greinir áttu tilteknir verkþættir að vera unnir í tímavinnu og í 15. lið samnings aðila segir: „Aukavinna: Ef til annarrar aukavinnu kemur í verkinu inni á baðherbergi, þá er hún rukkuð samkv. tímagjaldi. T.d. Vinna við hurðir, glugga, myglusvepp, uppsetningu á hönkum, slám o.fl. og annað sem gæti komið til í verkinu“. Í málinu liggur fyrir að varnaraðila vann tiltekin aukaverk í skilningi 15. liðar að ósk sóknaraðila, þ.e. uppsetning á handklæðahönkum og klósettrúllhaldara, vinna við smíði á innbyggðri vegghillu fyrir hársápu við baðkar og kant við baðkarið sjálft. Af framlagðri vinnuskýrslu verður ekki ráðið að frekari aukavinna skv. 15. lið hafi verið framkvæmd af hálfu varnaraðila án samþykkis sóknaraðila.

Verður því að fallast á að sóknaraðila hafi borið að greiða varnaraðila vegna framangreindrar viðbótarþjónustu.

Með hliðsjón af framangreindu verður varnaraðila gert að endurgreiða sóknaraðila 74.865 krónur auk virðisaukaskatts vegna umkrafins tækjagjalds, vegna kostnaðar að undanskildum efniskostnaði sem krafist var greiðslu á af hálfu varnaraðila, sem sóknaraðila hafði ekki verið greint frá við samningsgerðina. Þá verður fallist á að varnaraðila beri að endurgreiða sóknaraðila, sem hæfilegt þykir, 208.800 krónur auk virðisaukaskatts. Ekki liggja fyrir gögn sem sýna fram á að efni séu til að fallast á lækun kröfunnar umfram það sem að framan greinir.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að greiða sóknaraðila, X, alls 283.665 krónur auk virðisaukaskatts.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 15.000 krónur með vísan til 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson